


# Skipulagsstofnun

## Stefna 2019-2023




# Hlutverk

---

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og miðlun upplýsinga og fagþekkingar um skipulag og umhverfismat með gæði byggðar og sjálfbæra landnýtingu að leiðarljósi.

Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strandsvæða, laga um mat á umhverfis-áhrifum og laga um umhverfismat áætlana.



# Leiðarljós

Gæði byggðar og sjálfbær landnýting

## Markmið

### Stefnumótun

Í vinnu okkar að stefnumótun og skipulagsgerð leggjum við áherslu á fagþekkingu, samráð og þróun aðferða.

### Stjórnsýsla

Í störfum okkar við stjórnsýslu skipulagsmála og umhverfismats leggjum við áherslu á fagþekkingu, skilvirkni, samráð og nýsköpun.

### Miðlun

Við miðlum upplýsingum og fagþekkingu um skipulagsgerð og umhverfismat tímanlega og með áherslu á skilvirkar boðleiðir.

### Rekstur

Við leggjum áherslu á að Skipulagsstofnun sé góður vinnustaður og vel rekin.

# Stefnumótun

## Markmið

Í vinnu okkar að stefnumótun og skipulagsgerð leggjum við áherslu á fagþekkingu, samráð og þróun aðferða.

## Áherslur

Að vinna að landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulagi með skapandi nálgun, virku samráði, markvissu umhverfismati og framsæknum aðferðum

Að landsskipulagsstefna og strandsvæðisskipulag feli í sér áherslu á vandað byggt umhverfi, lífsgæði, langtímasýn og virðingu fyrir náttúru og samfélagi

## Áfangar

### 2019

- Lýsing og vinnslutillaga að landsskipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu
- Staða og þróun skipulagsmála - yfirlit
- Framfylgdarverkefni landsskipulagsstefnu um víðerni og vindorku
- Lýsing fyrir strandsvæðisskipulag á Austfjörðum og Vestfjörðum

### 2020

- Tillaga að landsskipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu
- Framfylgdarverkefni landskipulagsstefnu um vinnu-sóknar- og þjónustusvæði og landnotkunarflokkka á hafnar- og iðnaðarsvæðum
- Tillaga að strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum og Vestfjörðum

### 2021

- Framfylgdarverkefni landskipulagsstefnu um vegakerfi og ferðaþjónustumannvirki á miðhálandinu
- Samþykkt strandsvæðisskipulag á Austfjörðum og Vestfjörðum

### 2022

- Staða og þróun skipulagsmála - yfirlit

# Stjórnsýsla

## Markmið

Í störfum okkar við stjórnsýslu skipulagsmála og umhverfismats leggjum við áherslu á fagþekkingu, skilvirkni, samráð og nýsköpun.

## Áherslur

Að veita trausta ráðgjöf um skipulagsgerð sveitarfélaga sem stuðlar að góðu byggðu umhverfi og ábyrgri nýtingu lands

Að veita trausta ráðgjöf um umhverfismat með það að markmiði að tekið sé tillit til umhverfisjónarmiða og dregið úr neikvæðum áhrifum.

Að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem koma að skipulagsgerð og umhverfismati

Að þróa stjórnsýslu skipulagsmála og umhverfismats með virku samstarfi við systurstofnanir og aðra fagaðila innan lands og erlendis

Að stjórnsýsla skipulagsmála og umhverfismats sé opin, skilvirk og rafræn og einkennist af jafnræði og fagmennsku

## Áfangar

### 2019

- Endurskoðað verklag og framsetning afgreiðslna um skipulag og umhverfismat
- Tillaga að endurskoðun skipulagsreglugerðar
- Umgjörð um stafræn skil á aðalskipulagi fyrir hendi
- Gátt og landfræðileg kortasjá fyrir leyfi á haf- og strandsvæðum

### 2020

- Allt aðalskipulag í gildi aðgengilegt í vefsjá með samræmdum stafrænum hætti
- Könnun á forsendum fyrir miðlægrri rafrænni gátt fyrir skipulagstillögur

### 2021

- Úttekt á skipulagslöggjöfinni í tilefni af 100 ára afmæli laga um skipulagsmál

### 2022

- Landfræðileg vefsjá og rafræn gátt fyrir erindi í mati á umhverfisáhrifum

### 2023

- Umgjörð um stafræn skil á deiliskipulagi fyrir hendi
- Ársfundur norrænna skipulagsyfirvalda á Íslandi

# Miðlun

---

## Markmið

**Við miðlum upplýsingum og fagþekkingu um skipulagsgerð og umhverfismat tímanlega og með áherslu á skilvirkar boðleiðir.**

## Áherslur

Að miðla nýjungum og standa fyrir umræðu um aðferðir og faglegar áherslur á sviði skipulagsgerðar og umhverfismats

Að miðla upplýsingum markvisst og aðgengilega og bregðast tímanlega við þörf á tilteknum upplýsingum eða þekkingu

Að standa árlega fyrir Skipulagsdeginum og Umhverfismatsdeginum, sem megin viðburðum um faglega umræðu á sviði skipulagsgerðar og umhverfismats

Að standa fyrir átaki um samráð við skipulagsgerð og umhverfismat í samræmi við áherslur í aðgerðaáætlun um Árósasamninginn

Að nýta Rannsóknar- og þróunar-sjóð Skipulagsstofnunar til að auka þekkingu á sviði skipulagsmála og umhverfismats

## Áfangar

### 2019

- Könnun meðal viðskiptavina um kynningar-, leiðbeiningar- og fræðslustarf Skipulagsstofnunar
- Útgáfa fréttabréfs og stefna um upplýsingamiðlun
- Endurskoðaðir vefir stofnunarinnar
- Námskeið um samráðsaðferðir

### 2020

- Úttekt á virkni samráðs

### 2021

- Leiðbeiningar um samráð

### 2022

- Leiðbeiningar um skipulagsgerð fyrir nýjar sveitarstjórnir

# Rekstur

---

## Markmið

Við leggjum áherslu á að Skipulagsstofnun sé góður vinnustaður og vel rekin.

## Áherslur

Að stuðla að góðum starfsanda, virðingu í samskiptum og liðsheild

Að stuðla að faglegri þróun, sveigjanleika og góðu starfs-umhverfi

Að sýna frumkvæði, skapandi nálgun, skilvirkt verklag og árangur með verkefnastýringu og teymisvinnu

Að þróa innviði og verklag til að styðja við rafræn samskipti og miðlun

Að starfshættir og rekstur einkennist af umhverfisvitund

Að rekstur Skipulagsstofnunar og Skipulagssjóðs séu í samræmi við fjárveitingar og rekstraráætlun

## Áfangar

### 2019

- Endurskoðun innra stjórn-skipulags og starfslýsinga
- Jafnlaunavottun innleidd
- Fimmta græna skrefi náð og flug og akstur á vegum stofnunarinnar kolefnisjöfnuð
- Árlegar þjónustukannanir meðal samstarfsaðila og viðskiptavina innleiddar
- Mælaborð lykiltalna og árangursmælikvarða innleitt
- Rafræn skjalavarsla/skjalaskil innleidd

### 2023

- Kolefnishlutlaus stofnun

